

Bæjarráð FW: Möguleg þátttaka Þingeyrar í verkefninu Brothættar byggðir

Til : Hjördís Práinsdóttir
Frá : Þórdís Sif Sigurðardóttir
Heiti : Bæjarráð FW: Möguleg þátttaka Þingeyrar í verkefninu Brothættar byggðir
Málsnúmer : 2014090062
Málsaðili : Byggðastofnun
Skráð dags : 26.05.2017 11:21:40
Höfundur : Þórdís Sif Sigurðardóttir

Viðhengi [image001.jpg](#)[image001.jpg](#)

From: Kristján Þ. Halldórsson [mailto:kristjan@byggdastofnun.is]
Sent: 22. maí 2017 10:31
To: Þórdís Sif Sigurðardóttir
Cc: Gísli Halldór Halldórsson ; Sigríður Þorgrímsdóttir
Subject: Möguleg þátttaka Þingeyrar í verkefninu Brothættar byggðir

Sæl Þórdís Sif!

Við sendum þennan póst í framhaldi af samtali þínu við Kristján í liðinni viku.

Byggðastofnun vinnur nú að gerð áætlunar um rekstur og framkvæmd verkefnisins Brothættar byggðir á næstu misserum. Samkvæmt áætlun ætti að vera svigrúm til að taka inn ný byggðarlög á seinni hluta ársins eða byrjun árs 2018. Til að meta hvar þörfin er mest styðst stofnunin við útreikning á mælikvörðum sem lýst er í verkefnisáætlun (<https://www byggdastofnun.is/is/verkefni/brothaettar-byggdir/verkefnalysing>) og taka þeir meðal annars til lýðfræðilegra þátta, landfræðilegrar stöðu og stöðu í atvinnulífi.

Þingeyri er meðal þeirra byggðarlaga sem skora hæst samkvæmt ofangreindum mælikvörðum. Byggðarlagið er jafnframt meðal þeirra byggðarlaga sem sótt var um fyrir í verkefnið Brothættar byggðir í kjölfar auglýsingar 2014. Því viljum við nú kanna áhuga Ísafjarðarbæjar á samstarfi með það fyrir augum að hefja verkefni á Þingeyri sbr. ofanritað.

Verði það niðurstaðan að áhugi á samstarfi sé fyrir hendi erum við boðin og búin til samtals um það á næstu vikum hvernig hentugast yrði að standa að framkvæmd fyrstu skrefa.

Afrit sent Gísla Halldóri, bæjarstjóra

Með kveðju,
Kristján Þ. Halldórsson og Sigríður K. Þorgrímsdóttir



Kristján Þ. Halldórsson

Þróunarsviði

Vinsamlegast athugið að upplýsingar í tölvupósti þessum og viðhengjum við hann eru eingöngu ætlaðar þeim sem póstinum er beint til og gætu innihaldið upplýsingar sem eru trúnaðarmál.

Please note that this e-mail and it's attachments are intended for the named addressee only and may contain information that is confidential and privileged.